

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 220/1985. **Starfsmannafélag Siglufjarðar**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Bæjarstjórn Siglufjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir og Þorsteinn Thorarensen borgarféti.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. september 1985, samkvæmt heimild 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, „að stefndi verði dæmdur skyldur til að semja við áfrýjanda um kaup og kjör starfsstúlkna á barnadagheimili Siglufjarðar og allra þeirra starfsmanna áhaldahúss Siglufjarðar, sem eru félagsmenn áfrýjanda.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Svo sem sakarefni í máli þessu er varið er ekki fullnægt skilyrðum, sem sett eru í lögum nr. 85/1936, gr. 37 A, 1. mgr., sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, til að héraðsdómari mætti kveðja til meðdómsmenn til að dæma málið með sér samkvæmt því heimildarákvæði. Við skipun meðdómsmanna var ekki heldur gætt þeirra skilyrða, sem 2. mgr. nefndrar greinar setur um dómgengi tilkvaddra meðdómsmanna, jafnvel þótt talið væri að skilyrðum þess ákvæðis væri að öðru leyti fullnægt. Verður af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með 29. júní 1984 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 29. júní 1984 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 11. janúar 1985.

Ár 1985, föstudaginn 11. janúar er bæjarþing Siglufjarðar sett í Austurstræti 16, Reykjavík, og haldið af Erlingi Óskarssyni bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnum Gunnari Eydal hdl. og Gunnari Guðmundssyni hdl., kveðinn upp svofelldur dómur í bæjarþingsmálinu nr. 28/1982: Starfsmannafélag Siglufjarðar gegn bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær að loknum munnlegum málflutningi, hefur Starfsmannafélag Siglufjarðar, Siglufirði, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. nóvember 1982, á hendur bæjarstjóranum á Siglufirði, Óttari Proppé, nnr. 6954-1348, Fossvegi 23, Siglufirði, f.h. bæjarstjórnar Siglufjarðar, nnr. 7557-4320, Gránugötu 24, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar að stefndi verði skyldur til að semja við stefnanda um kaup og kjör starfsstúlkna á Barnadagheimili Siglufjarðar og allra þeirra starfsmanna Áhaldahúss Siglufjarðar sem eru félagsmenn stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi lögum samkvæmt.

Sátta hefur verið leitað í málinu, en árangurslaust.

— — —

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórnin á Siglufirði, Óttar Proppé, f.h. Bæjarstjórnar Siglufjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Starfsmannafélagi Siglufjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
